

## M-58/2009 Álit 28. september 2009

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. september 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-58/2009:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings fyrirtækisins Y að fjárhæð kr. 279.902 fyrir pípulagningavinnu. Krafa álitsbeiðanda er sú að hún þurfi ekki að greiða meira en kr. 190.000 fyrir vinnuna.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 10. ágúst sl., og frest til að skila þeim til 24. ágúst. Lögmaður seljanda óskaði eftir viðbótarfresti sem var veittur og bærust andsvörin 31. ágúst. Hinn 1. september var álitsbeiðanda ritað bréf og henni gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin sem bærust 9. september sl. Sama dag var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa ásamt eiginmanni sínum keypt fokhelt hús í apríl 2008. Lítið hafi þurft að gera í pípulögnum, en allar lagnir hafi verið komnar í gólf. Pípulagningamaður hafi þurft að staðfesta umsókn um heimlögn, setja upp hitaveitugrind í bílskúr, tengja gólfhitagrind og krana í baðherbergjum, þvottahúsi og eldhúsi. Til þessa verks hafi þau fengið A hjá Y. Munnlegt samkomulag hafi verið gert um að þau greiddu kr. 190.000 fyrir verkið.

Samskiptin við verktakann hafi verið erfið og enn sé eftir að tengja „inn á aðalbaðherbergi“, hitalögn í gólf á gestabaði og einhver pípulögn sé enn eftir.

Verktakinn hafi sent reikning, dags. 10. október 2008, að fjárhæð kr. 279.902 sem þau hafi ekki viljað greiða þar sem reikningurinn ætti ekki við nein rök að styðjast.

Álitsbeiðandi segir að verktakinn hafi ítrekað brotið á þeim þann rétt sem þau eigi samkvæmt 9. og 20. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en hann hafi hvorki lokið því verki sem um hafi verið samið né staðið við umsamin tímamörk. Verktakinn hafi ekki lokið endanlega við að tengja kalda vatnið eins og þau hefðu viljað heldur gert það til bráðabirgða svo að þau gætu flutt inn. Beri þeim því ekki að greiða fyrir þann kostnaðarlið.

Á B séu skrifaðir 11 tímar en hann hafi ekki unnið nema 8 af þeim, enda hefði hann brugðið sé frá verkinu til að sinna einkaerindum. Þá hafi aldrei verið samið um að greiða fyrir akstur og sé það í andstöðu við ákvæði 29. gr. laga nr. 42/2000. Auk þess séu reiknaðar fleiri ferðir en farnar hafi verið. Þá hafi verktakinn fengið afslátt við efniskaup sem eigi að nýtast neytanda og vísist um það til 28. gr. laga nr. 42/2000 en ósanngjarnt sé að verktaki krefji verkkaupa um annað verð efnis en hann greið sjálfur. Útilokað sé að verktaki hafi þurft að fara 5 ferðir eftir efni þar sem þau hafi sjálf sótt mest af efninu.

A skrifi á sig 8 tíma í vinnu við tengingu á neysluvatni í bílskúr en aðeins hafi verið um 2-3 tíma að ræða. Nánari útlitun vanti á liðinn o.fl. Þá segir orðrétt í álitsbeiðninni eftirfarandi.

„Munnlegur samningur jafngildir skriflegum. Verktaki hringdi fyrir mánaðamót og bað um greiðslu: 190.000 kr. heildartala. Honum var tjáð að hann myndi fá greiðslu fljótlega eftir mánaðamótin þar sem neytandi var að bíða eftir greiðslu láns. Lánið kom föstudaginn 10.10.2008. Þá hafði verktaki þegar sent reikninginn sem var 89.902 kr. meira en um var samið í áður nefndu símtali.

Þessi leiðindi hafa kostað okkur mikið þref og vesen fyrir okkur sem neytendur og teljum við rétt að greiða einungis útlagðan kostnað þó að hámarki 190.000 sem var upphaflega umsamið. Við teljum ekki rétt að á okkur komi lögfræðikostnaður og vanskil þar sem við reyndum að semja um kröfuna strax í upphafi en án árangurs. Við buðum sáttamiðlun hjá sýslumanni til að landa þessu máli en fengum engin svör. Þetta mál hefur tafið okkar vinnu við húsið og kostað óþarfa leiðindi og illindi.“

#### IV

#### Andsvör álitsbeiðanda

Í andsvörunum, sem lögmaður ritar, er sagt að flest af því sem komi fram í álitsbeiðni sé rangt eð styðjist lítt eða ekki við sannleikann. Því verki sem Y segjast hafa unnið er lýst á eftirfarandi hátt:

1. Hitavatsgrind sett upp frá grunni og tengd. Í því fólst m.a. að sækja um mælagrind hjá Orkuveitunni og allt efni.
2. Gólfhitagrind lagfærð (hafði verið sett vitlaust upp af kvartanda) og tengd.
3. Neysluvatnskistur settar upp og tengdar þ.m.t. allt efni.
4. Neysluvatn tengt á endastöð og þ.m.t. allt efni (nema baðherbergi).
5. Bráðabirgðatenging á neysluvatni að beiðni kvartanda en það láðist að láta umbjóðanda minn vita að þau hefðu í millitíðinni hætt við að flytja og ekki þyrfti að vinna verkið. Þess má geta að húsið var með öllu óbúðarhæft og það liðu nokkrar vikur áður en þeim var það unnt.

Þá segir áfram í andsvörunum:

„Af hjálögðum reikningi og fylgiskjölum má sjá að reikningur umbjóðanda míns samanstendur af þremur liðum:

1. Vinna 25 klst eða sem nemur þremur hefðbundnum vinnudögum. Sé mið tekið af ofangreindri lýsingu á því sem gert var er einsýnt að tímafjöldi er ekki ofskráður. Þessi liður með vsk. er kr. 124.033.
2. Akstur eftir efni og vegna mælagrindar, alls kr. 12.730 m. vsk. Það sjá það allir í hendi sér að verk sem þetta útheimtir akstur eftir efni og tækjum og verður á engan hátt haldið fram að hér sé um óeðlilega upphæð að ræða og tilvísun til 29. gr. laganna á ekki við. Fullyrðing að um óþarfa ferðir á bersýnilega ekki við, vart verður séð hvernig allt það efni sem umbjóðandi minn lagði til komst á staðinn ef ekki var keyrt eftir því.
3. Efni fyrir kr. 143.139 m. vsk. og hefur þá verið tekið tillit til kr. 16.913 m. vsk. er kvartandi fékk í afslátt. Það er meiri afsláttur en kvartandi fengi en ef hún hefði sjálf farið og keypt það inn svo þess var gætt að hún skaðaðist ekki af því að umbjóðandi minn annaðist kaupin á því.

Ef málið er skoðað af sanngirni sést að kvörtun á ekki við mikil rök að styðjast. Það er augljóst að tímafjöldi umbjóðanda míns er langt frá því að vera ofreiknaður og kvartandi hefur ekki gert það líklegt. Það er öruggt að ef verkið yrði metið eða mælt upp kæmi í ljós að 25 tímar til að vinna það sem unnið var er langt frá því ofrausn. Sama gildir um aksturinn. Efniskaupin virðast vera óumdeild utan ávænings kvartanda um of lítinn afslátt sem ekki á við rök að styðjast.

Kvartandi hefur á hinn bóginn ekki séð sóma sinn í því að greiða inn á skuld sína við umbjóðanda minn það sem hún telur sig skulda honum. Hún hefur valdið honum tjóni því hann hefur þurft að greiða fyrir efnið auk þess að standa skil á virðisaukaskatti.

Umbjóðandi minn hefur lagt fram óvenju gegnsæjan og nákvæman reikning um verkið og það dylst engum að hann hefur ekki farið offari né brotið gegn lögum nr. 42/2000 og má í því sambandi vísa til 28. gr. laganna.

[...]

Kvartandi hefur á engan hátt gert það líklegt að það verði sem umbjóðandi minn er að krefja hana um sé ekki sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil eða hvers eðlis hún er. Hann bauð kvartanda á sínum tíma að verkið yrði mælt upp en því var hafnað.“

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að reikningur Y sem hún hafi verið krafín um nemi kr. 279.902. Af andsvörum sést að þá hefur reikningurinn ekki verið lækkaður um þann afslátt sem seljandi segist gefa álitsbeiðanda af efniskostnaði eða kr. 16.913. Kærunefndin lítur svo á að reikningur seljanda sem um er deilt sé því að fjárhæð kr. 262.989.

Álitsbeiðandi segist sjálf hafa sótt mælagrindina en C, sem sé meistari að verkinu, hafi farið og skrifað undir beiðnina eins og honum hafi borið skylda til. Þeim hafi verið sagt að setja sjálf upp gólfhitagrindina til að minnka kostnað við verkið og hefði þeim aldrei verið sagt að það hefði ekki verið rétt gert. Hins vegar hefði þurft að færa grindur til þar sem þeim hefði ekki verið sagt til um það fyrirfram hvernig haga ætti því verki. Þá segir í athugasemdunum að fráleitt sé að halda því fram að 25 klukkustundir hafi farið í verkið. Eins eigi aðeins að greiða fyrir þá ferð sem farin var til þess að skrifa undir hjá Orkuveitunni og eina ferð til þess að útvega efni en ekki eigi að þurfa að fara margar ferðir eftir efni. Y fái afslátt hjá versluninni F og því hafi fyrirtækið viljað kaupa efni þar. Sjálf hefðu þau getað valið ódýrara efni, t.d. hjá versluninni G þar sem þau hafi haft mjög góðan afslátt af efniskaupum. Það sé rétt að Y hafi boðið þeim að láta mæla verkið upp. Það hafi þeim ekki fundist sanngjarnt í ljósi þess að samið hafi verið um ákveðið verð fyrir verkið og eins vegna þess að reikningur fyrirtækisins hafi verið ranglega færður. Þau hafi viljað sáttamiðlun hjá sýslumanni sem Y hafi ekki fallist á. Ekki hafi verið greitt inn á skuldina þar sem þetta mál hafi valdið þeim miklum skaða. Ekki hafi verið lokið við pípulagnir og Y hafi ekki gefið leyfi til þess að annar pípulagningamaður ljúki verkinu.

## VI

### Niðurstaða kærunefndar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, svo að niðurstaða verði á því byggð, að komist hafi á gildur samningur á milli aðila um að Y tækju að sér ákveðið verk fyrir ákveðna fjárhæð, enda þótt vera kunni að fjárhæðin kr. 190.000 hafi komið til tals á milli aðila á einhverjum tíma. Kæruneftndin telur þannig ekki forsendur fyrir því að fallast á þá kröfu álitsbeiðanda að henni beri ekki að greiða hærri fjárhæð fyrir verkið.

Álitsbeiðandi lýsir því í stórum dráttum í upphafi álitsbeiðni hvert það verk hafi verið sem Y hafi verið ráðið til að vinna og fram kemur í álitsbeiðninni að því verki sé ekki að fullu lokið. Krafa álitsbeiðanda verður þó ekki skilin öðru vísi en svo að hún beinist eingöngu að því að viðurkennt verði að hún þurfi ekki að greiða meira fyrir það verk sem unnið var en kr. 190.000 en ekki kr. 262.989 eins og Y hafa gert henni reikning fyrir. Kæruneftndin gerir þannig ráð fyrir að Y hafi lækkað upphaflegan reikning sinn um kr. 16.913 eins og raunar kemur fram í andsvörum fyrirtækisins. Samkvæmt framansögðu telur kæruneftndin að afgreiðsla málsins af hennar hálfu felist í því að taka afstöðu til þess hvort reikningur Y sé í samræmi við ákvæði 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Það er hins vegar fyrir utan valdsvið kæruneftndarinnar, sbr. 1. gr. þjónustukaupalaga, að taka afstöðu til þess hvort álitsbeiðanda ber að greiða kostnað við innheimtu reiknings Y og tekur nefndin því ekki afstöðu til þess hvort svo sé eða ekki. Framangreind 28. gr. þjónustukaupalaga hljóðar svo:

„Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í andsvörum Y er gerð grein fyrir reikningsfjárhæðinni í þrennu lagi. Í fyrsta lagi nær hann til 25 klst. vinnu fyrir samtals kr. 124.033. Í öðru lagi fyrir akstur eftir efni og vegna mælagrindar kr. 12.730. Í þriðja lagi fyrir efni kr. 143.139.

Vinnan skiptist þannig samkvæmt reikningnum að A vinnur 3 klst. 23. ágúst, 8 klst. 29. ágúst og 1 klst. 1. september. B vinnur 11 klst. 15. júlí. C vinnur 1 klst. 15. apríl og 1 klst. 15. júlí.

Álitsbeiðandi gerir athugasemdir við fjölda skráðra vinnustunda og sýnist hún telja þær eiga að vera um 8 klst. færri eða um 17 klst. Vitnar hún til þess að húseigandi hafi verið viðstaddur og fylgst með því hver vinnutími var á staðnum. Þegar litið er til lýsingar í andsvörum Y á umfangi verksins sem ekki eru gerðar beinar efnislegar athugasemdir við af hálfu álitsbeiðanda, þótt athugasemdir séu gerðar við skráðan tímafjölda, telur kæruneftndin sig ekki í aðstöðu til þess að álíta að tímar hafi verið ofskráðir, nema í einu tilviki, þ.e. 11 klst. vinnu B 15. júlí. Telur kæruneftndin að ákveðnar líkur séu á samkvæmt gögnum málsins að sá tímafjöldi sé full ríflega skráður og megi miða við að unnar klukkustundir í þágu álitsbeiðanda hafi verið 9 talsins. Samkvæmt því álitur kæruneftndin að lækka beri reikninginn um kr. 9.923 sem svarar tveggja tíma vinnu.

Þegar verksali annast efniskaup eins og var í því tilviki sem hér um ræðir má verkkaupi gera ráð fyrir því að verktakinn taki greiðslur fyrir akstur við útvegum efnisins, nema sérstaklega sé samið um að verktakinn beri þann kostnað sjálfur, og ekki er hægt að telja að slíkt sé í andstöðu við 28. gr. laga nr. 42/2000. Það er ljóst að í upphafi verks sem þessa verður ekki séð í eitt skipti fyrir öll hvaða efni þarf til þess og því ekki óeðlilegt að fleiri ferðir en eina þurfi að fara eftir efni. Kæruneftndin fær þannig ekki séð að forsendur

séu til þess að gera athugasemdir við þá kostnaðarliði reiknings verksala er varða akstur vegna verksins.

Álitsbeiðandi hefur ekki gert aðrar athugasemdir við kostnað vegna efniskaupa en þær að hún hafi ekki fengið notið þess afsláttar sem verksali hafi sjálfur fengið hjá versluninni F. Kæruneftndin álitur að til þess að svo væri hefðu aðilar þurft að semja um það sérstaklega. Þá sést af reikningi verksala að af mörgu því sem keypt var til verksins er reiknaður 20% afsláttur. Samkvæmt þessu telur kæruneftndin ekki efni til þess að gera athugasemdir við reikninginn að því er varðar efniskaupin.

Niðurstaða kæruneftndarinnar er samkvæmt öllu framansögðu sú að álitsbeiðanda beri að greiða Y kr. 253.066 (262.989–9.923).

## VII

### Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, greiði Y. kr. 253.066.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir